

HV 2019-49  
ISSN 2298-9137



**HAF- OG VATNARANNSÓKNIR**  
*MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND*

Örlygsstaðaá í Álftafirði. Áhrif virkjunar á fiskistofna

Sigurður Már Einarsson

---

REYKJAVÍK ÁGÚST 2019




# Örlygsstaðaá í Álftafirði. Áhrif virkjunar á fiskistofna

Sigurður Már Einarsson

*Skýrslan er unnin fyrir: Arnarlækur ehf*

## Upplýsingablað

<b>Titill:</b> Örlygsstaðaá í Álftafirði. Áhrif virkjunar á fiskistofna.		
<b>Höfundur:</b> Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir		
<b>Skýrsla nr:</b> HV 2019-49	<b>Verkefnisstjóri:</b> Sigurður Már Einarsson	<b>Verknúmer:</b> 12985
<b>ISSN</b> 2298-9137	<b>Fjöldi síðna:</b> 8	<b>Útgáfudagur:</b> 26. ágúst 2019
<b>Unnið fyrir:</b> <i>Arnarlækur ehf</i>	<b>Dreifing:</b> Lokuð	<b>Yfirfarið af:</b> <i>Guðni Guðbergsson</i>
<b>Ágrip</b> Fyrirhugað er að reisa rennslisvirkjun (550-650 l/s) án miðlunarlóna í Örlygsstaðaá þar sem tiltölulega lítið rennsli er virkjað með mikilli fallhæð og er virkjunin af stærðargráðunni 1600 -1900 kílóvött. Örlygsstaðaá fellur í Kársstaðaá í botni Álftafjarðar á Snæfellsnesi. Útbreiðsla og magn laxfiska í ánni var könnuð á vettvangi þann 18. júní 2019, metin botngerð á athugunarstöðum og leitast við að meta áhrif virkjunarinnar á farveg Örlygsstaðaár. Fiskgengur hluti árinna er áætlaður 2.260 m og áætlað flatarmál árinna 1,8 ha. Lax-, urriða- og bleikjuseiði fundust í lágum þéttleika (1,9 seiði/100 m <sup>2</sup> ) á tveimur athugunarstöðum. Botngerð er ákjósanleg fyrir hrygningu og seiðauppeldi laxfiska, en áin er lindá og því fremur köld. Inntakslón virkjunar er staðsett á ófiskgengum hluta árinna og veldur því ekki skerðingu á samfellu. Rennsli mun skerðast eitthvað á efsta hluta árinna niður að stöðvarhúsi, en áfram verður rennsli á þeim hluta farvegarins úr gili sem fellur suðaustanvert í ána. Virkjunin gæti skert framleiðslu laxfiska á efsta hluta árinna vegna rennslisminnkunar. Ekki er vitað til þess að veiðinýting hafi verið stunduð í Örlygsstaðaá.		
<b>Lykilorð:</b> Örlygsstaðaá, lax, urriði, bleikja, útbreiðsla, seiðapéttleiki, áhrif virkjunar		
<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	<b>Undirskrift forstöðumanns sviðs:</b> 